

# Íslandsmót í siglingum kæna 2023

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

10. til 12. ágúst 2023

*Skerjafjörður og innfirðir hans*

## TILKYNNING UM KEPPNI

<b>1</b>	<b>REGLUR</b>
<b>1.1</b>	Keppt verður samkvæmt: <i>Kappsiglingareglum World Sailing 2021-2024</i> <i>Keppendareglum ÍSÍ</i> <i>Kappsiglingafyrirmælum mótsins</i> <i>Kappsiglingafyrirmæli Siglingasambands Íslands</i>
<b>1.2</b>	Ef tungumálum ber ekki saman skal enska útgáfa textans gilda.
<b>2</b>	<b>KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI</b>
<b>2.1</b>	Kappsiglingafyrirmælin verða aðgengileg eftir klukkan 17:00 þann 03/08/23 á brokey.is
<b>2.2</b>	Siglingafyrirmæli eru samkvæmt leiðbeiningum í RRS Viðauka S/sjá þýðingu SÍL af sniðmáti á heimasíðu SÍL.
<b>3</b>	<b>SAMSKIPTI</b>
<b>3.1</b>	Keppnisstjórn birtir upplýsingar á heimasíðu brokey.is
<b>3.2</b>	Keppnisstjórn notar rás 71 fyrir öll samskipti.
<b>3.3</b>	Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðartilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.
<b>4</b>	<b>HLUTGENGI OG ÞÁTTTAKA</b>
<b>4.1</b>	Keppt er í eftirfarandi flokkum (ef bátar í flokki eru færri en 5 keppa þeir í opnum flokki)

4.2	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Optimist A</li> <li>• Optimist B</li> <li>• RS Tera</li> <li>• Ilca 4</li> <li>• Ilca 6</li> <li>• Ilca 7</li> <li>• Opinn flokkur (notast er við forgjöf frá Portsmouth Yardstick)</li> </ul>
5	<b>ÞÁTTÖKUGJALD OG SKRÁNING</b>
5.1	<p>Áskilin gjöld eru eftirfarandi:</p> <p>Þáttökugjald: 12.000 kr</p> <p>Þáttökugjald eftir skráningarfrest: 15.000 kr</p> <p>Innifalið er þáttökuréttur, hádegismatur alla keppnisdagana, bolur, og kvöldmatur á lokahófi.</p>
5.2	Skráningarfrestur er til kl 18:00 þann 3. ágúst
5.3	Skráning skal berast á <a href="mailto:brokey@brokey.is">brokey@brokey.is</a> , Taka þarf fram nafn keppanda, seglanúmer, bátategund og félag sem keppt er fyrir ásamt upplýsingum um nafn og símanúmer forráðamanns ef keppandi er yngri en 18 ára.
5.4	<p>Greiðsla þáttökugjald er á greiðslusíðu:</p> <p><a href="https://www.sportabler.com/shop/brokey/kaenudeild">https://www.sportabler.com/shop/brokey/kaenudeild</a></p>
6	<b>AUGLÝSINGAR</b>
6.1	Bátar skulu sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.
7	<b>TÍMAÁÆTLUN</b>
7.1	<p>Skráning:</p> <p>Skráningarfrestur er til kl 18:00 þann 3. ágúst.</p>
7.2	<p>Dagskrá alla keppnisdaga:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>08:00 Húsið opnar</li> <li>09:00 Skipstjórafundur</li> <li>10:00 Fyrsta start</li> <li>12:30 Hádegismatur</li> <li>14:30 Start eftir hádegi</li> <li>17:00 Keppni lokið</li> </ul>

7.3	Fjöldi keppna:  Stefnt er á að sigldar verði fjórar umferðir á dag en að hámarki sex.
7.4	Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki fyrir æfingakeppni 10. ágúst er 9:55.  Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni alla aðra daga er 9:55.
7.5	Á síðasta áætlaða keppnis degi verður ekki gefið viðvörunarmerki eftir klukkan 17:00.
7.6	Sunnudagurinn 13. ágúst er tekinn frá sem varadagur ef sigldar hafa verið færri en sex umferðir í lok laugardagsins 12. ágúst.
8	<b>VEÐUR OG AÐRIR FYRIRVARAR</b>
8.1	Miðað er við að keppnir fari fram í vindi á bilinu 2 m/s til 12 m/s. Keppnisstjóri áskilur sér rétt til að ræsa ekki keppni ef skyggni eða veður er óviðunandi sökum þoku eða annars.
9	<b>STIGAGJÖF</b>
9.1	Notað er lágstigakerfi skv A4.1 í viðauka A.
9.2	Ljúka þarf <i>fimm</i> umferðum til að keppni teljist lokið.
9.3	(a) Þegar færri en fimm umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum sem heildarstigatala í keppninni.  (b) Þegar lokið hefur verið við 5 til 7 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskilinni lökustu umferðinni, sem heildarstigatala í keppninni.  (c) Þegar lokið hefur verið við 8 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskildum tveimur lökustu umferðunum, sem heildarstigatala í keppninni.
10	<b>ÖRYGGISBÁTAR</b>
10.1	Óskað er eftir því að siglingaklúbbar sem senda börn yngri en 18 ára leggi til að minnsta kosti einn öryggisbát. Öryggis- og aðstoðarbátar skulu halda sig í hæfilegri fjarlægð frá keppendum og mega ekki hafa samskipti við keppendur á meðan á keppni stendur nema keppandi þurfi á aðstoð að halda en við það fellur keppandi úr keppni og fær DSQ.  Öryggis- og aðstoðar bátum er að sjálfsgöðu heimilt að þjónusta keppendur á milli umferða eða allt þar til fyrsta flaut á sér stað.

<b>10.2</b>	Öryggis- og aðstoðarbátar skulu vera merktir fána síns félags.
<b>10.3</b>	Stýrimaður öryggis- og aðstoðarbáts þarf ávallt að nota ádreparasnúru (öryggi) meðan að vél er í gangi.
<b>11</b>	<b>PERSÓNUVERND</b>
<b>11.1</b>	Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.
<b>12</b>	<b>TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR</b>
<b>12.1</b>	Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.
<b>13</b>	<b>VERÐLAUN</b>
<b>13.1</b>	Eftirfarandi verðlaun verða veitt: Fyrsta, annað og þriðja sæti í öllum flokkum sem keppt er í.
<b>14</b>	<b>FREKARI UPPLÝSINGAR</b>
<b>14.1</b>	Frekari upplýsingar eru veittar á vefsíðu félagsins.